



Fjölbrautaskóli
Suðurlands

Orðspor

ÍSLE2OS05

Kennsluáætlun vorönn 2020

Kennarar:

Guðbjörg Grímsdóttir (GGR) - gudbjorg10@fsu.is

Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir (GDS) - gudbjorgdora@fsu.is

Jón Özur Snorrason (JÖS) - jozur@fsu.is

Áfangalýsing

Í áfanganum er unnið með tungumálið á fjölbreyttan hátt með það að markmiði að nemendur auki orðaforða, vandi málfar sitt og verði meðvitaðir um gildi þess að tala og skrifa gott mál.

Markmið áfangans:

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- málfræðihugtökum og hugtökum sem nýttast í tal- og ritmáli
- orðaforða sem nægir til að skilja íslenskt nútímamál í ræðu og riti
- mismunandi tegundum bókmennta og nytjatexta
- á margs konar málsniði

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- beita gagnrýninni hugsun og koma skoðun sinni á framfæri á skýran og greinargóðan hátt
- nýta hjálpargögn á markvissan hátt við frágang ritsmíða og framsetningu efnis
- nýta málfræðihugtök og málfræðilegar upplýsingar til að efla eigin málfærni
- flytja mál sitt af nokkru öryggi á góðu máli
- lesa sér til gagns og gamans bókmenntaverk jafnt sem nytjatexta og fjalla um inntak þeirra

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna að skapandi verkefnum í sambandi við námsefnið
- styrkja eigin málfærni
- beita skýru, lýtalausum máli í ræðu og riti
- taka þátt í málefnalegum umræðum
- tjá afstöðu og efasemdir um efnið sem unnið er með og komast að niðurstöðu
- hafa vald á áhrifaríkri málnotkun, svo sem með stílbrögðum

Námsefni: Efni frá kennara.

Kröfur og verkefnaskil

- Áfanginn er símatsáfangi með 40% lokaprófi sem hægt er að vinna sig frá. Fáir nemandi að lágmarki 7 í einkunn úr málfarsprófi annarinnar og skilar öllum verkefnum annarinnar, fer hann ekki í lokapróf. Heildarvinna annarinnar gildir 60% á móti lokaprófi.
- Ætlast er til að nemendur búi sig vel undir kennslustundir með lestri og yfirferð á verkefnum og glósum. Þeim verkefnum sem ekki tekst að ljúka í tíma, skal vinna heima. Um helmingur námsins fer fram í tímum en hinn hlutinn með heimanámi, undirbúningi jafnt sem verkefnavinnu svo og prófavinnu.
- Ef nemandi kemst ekki í kennslustund ber hann sjálfur ábyrgð á því að fylgjast með kröfum um heimanám, próf og verkefnaskil. Oftast má sjá slíkt í Innu en einnig er hægt að hafa samband við samnemendur eða kennara.
- Allir nemendur eru skráðir í Innu og þurfa því að hafa reglulegan aðgang að tölvu. Öll verkefni birtast á Innu og skila þarf verkefnum reglulega alla önnina. Öllum skriflegum verkefnum er skilað í Innu og því þurfa nemendur að koma með tölvur í kennslustundir.
- Símanotkun í tímum er ekki leyfð nema með samþykki kennara.
- Nemendum ber að virða höfundarrétt. Ritstuldur varðar við lög og er öllum slíkum málum vísað til skólastjórnenda.

Námsmat

Verkefni	Vægi	Reglur áfangans
Verkefni 1 – 4	10%	Áfanginn er símatsáfangi með 40% lokaprófi sem hægt er að vinna sig frá. Fáir nemandi að lágmarki 7 í einkunn úr málfarsprófi annarinnar og skilar öllum verkefnum annarinnar, fer hann ekki í lokapróf. Heildarvinna annarinnar gildir 60% á móti lokaprófi.
Málfarspróf	40%	
Verkefni 5, heimildaritgerð	15%	
Verkefni 6 - 9	25%	
Ræða	10%	

Gert með fyrirvara um breytingar, FSu.

6. desember 2020

Íslenskukennarar